

## **Reglugerð um verðlaun í skotíþróttamótum.**

### **1. gr.**

Veita skal verðlaunapening fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti í einstaklingskeppni í öllum greinum skotíþróttarinnar. Verðlaun í liðakeppni eru ekki veitt nema að tvö eða fleiri lið hafi verið skráð til keppni.

Þá skal veita hverju liði ein verðlaun og einstaklingum í liðinu samkvæmt eftirfarandi reglu:

2 lið skráð, þá til liðsins í 1. sæti.

3 lið skráð, þá til liðanna í 1. og 2.sæti .

4 eða fleiri lið, þá til allra liða í 1.2.og 3.sæti,

Á Íslandsmóti skal þó veita liðaverðlaun óháð fjölda.

Veita skal sérstök verðlaun í bæði unglingsflokkum sem og kvennaflokkum, þar sem við á.

### **2. gr.**

#### **Bikarmót og Íslandsmót STÍ**

Veita skal sérstaklega sleginn verðlaunapening fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti í einstaklingskeppni í öllum greinum skotfímínnar. Þá skal veita verðlaun í liðakeppni samkvæmt ákvæðum 1.greinar.

Bikarmeistari og Íslandsmeistari í hverri grein skal fá áritaðan farandbikar til varðveislu fram að næsta Bikar eða Íslandsmeistaramóti. Bikarinn vinnst ekki til eignar. Félag keppanda sem hlýtur farandbikar skal sjá til þess að bikarinn sé skilað til STÍ í síðasta lagi 2 vikum fyrir næsta mót.Þegar Íslands eða Bikarmeistarabikar er fulláritaður að mati stjórnar STÍ skal hann tekinn til varðveislu af stjórn STÍ.

### **3. gr.**

#### **Flokkameistarar STÍ.**

Veita skal verðlaunapening fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti í einstaklingskeppni í öllum flokkum og öllum greinum skotfímínnar á Íslandsmeistaramóti.

### **4. gr.**

#### **Landsmót STÍ**

Veita skal verðlaunapening fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti í einstaklingskeppni í öllum greinum skotíþróttarinnar. Þá skal veita verðlaun til hvers liðs og til hvers einstaklings innan liðs, samkvæmt ákvæði í 1.grein.

### **5. gr.**

Mótshaldari ber kostnað af verðlaunapeningum nema um annað sé samið.